

Ár 2015, fimmtudaginn 29. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Óskari Bergssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör hagstofustjóra

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Hagstofustjóri er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða hagstofustjóra laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 7. júlí 2014 frá hagstofustjóra. Með bréfinu er farið fram á að laun hans verði endurskoðuð í ljósi aukinna verkefna og að tekið verði tillit til þeirrar ábyrgðar og krafna sem til hagstofustjóra eru gerðar í lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð sem og í verklagsreglum í hagskýrslugerð, sbr. auglýsingu nr. 578/2006. Í bréfinu er raktar þær breytingar sem orðið hafa á verkefnum Hagstofu Íslands frá árinu 2008 þegar hún var stofnuð. Í fyrsta lagi hafi verið stofnað nýtt svið á Hagstofunni, fyrirtækjasvið, sem vinni að nýju verkefni sem sé fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar. Í öðru lagi hafi gerð þjóðhagsspár verið flutt frá fjármálaráðuneytinu til Hagstofunnar, en spáin sé ein meginforsenda fyrir opinberum efnahagsáætlunum og sé lögð til grundvallar fjárlagafrumvarpi. Deildin sem geri þjóðhagsspá heyri beint undir hagstofustjóra og sé aðgreind frá hagskýrslugerðinni. Í þriðja lagi hafi Hagstofan tekið við landbúnaðartölfræði og byggt hana upp, en Hagþjónusta Landbúnaðarins hafi verið lögð niður. Í fjórða lagi hafi Hagstofan tekið að sér að safna saman upplýsingum um skuldir og eignir fyrirtækja og einstaklinga sem sé mjög viðamikil verkefni og bætist við aðra hagskýrslugerð. Þá hafi fjöldi annarra verkefna bæst við sem séu minni að umfangi hvert um sig, svo sem efling á þjóðhagsreikningum, velferðarvísar og fleira. Þá sé verið að koma á fót gæðastjórnunarkerfi og vottuðu stjórnkerfi upplýsinga hjá Hagstofunni. Í bréfinu segir að framangreindar breytingar séu viðamiklar og hafi í för með sér aukið álag á stjórnun. Störfum á Hagstofunni hafi fjölgað úr 82 ársverkum samkvæmt ársskýrslu fyrir árið 2008 í 102 ársverk samkvæmt ársskýrslu fyrir árið 2013. Fjölgunin sé vegna aukinna verkefna, en eins og aðrar stofnanir hafi Hagstofan þurft að hagræða í þeim verkefnum sem fyrir séu með endurskipulagningu og öflun tekna frá öðrum aðilum en ríkissjóði. Í bréfinu er vakin athygli á því að verklagsreglur í hagskýrslugerð, sbr. auglýsingu nr. 578/2006, hafi verið endurskoðaðar í veigamiklum atriðum og sé endurskoðuð reglugerð í vinnslu hjá forsætisráðuneytinu. Þá sé vert að vekja athygli á því að um hagskýrslugerð gildi tæplega 300 reglugerðir sem hafi verið innleiddar í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og hafi veruleg áhrif á störf Hagstofunnar og starf hagstofustjóra.

Með bréfum dagsettum 8. júlí 2014 var forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Forsætisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 11. ágúst 2014. Í bréfinu er tekið undir sjónarmið og rök hagstofustjóra. Umsvif starfsemi Hagstofu Íslands hafi stórauðist undanfarin ár meðal annars vegna meiri krafna á alþjóðavettvangi (innleiddar reglugerðir samningsins um Evrópska efnahagssvæðið) og af hálfu stjórnvalda á Íslandi sem og vegna flutnings verkefna til stofnunarinnar sem áður var sinnt annars staðar. Ráðuneytið styðji þá tillögu að kjararáð endurskoði laun hagstofustjóra í ljósi framangreinds.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 7. ágúst 2014. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að við mat á ósk hagstofustjóra um endurskoðun launakjara horfi kjararáð til þess hvernig sambærilegum óskum hafi verið svarað.

Með bréfi dagsettu 22. ágúst 2014 fékk hagstofustjóri send bréf forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í tölvubréfi hagstofustjóra dagsettu 1. september 2014 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

III.

Hagstofa Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra og vinnur að opinberri hagskýrslugerð samkvæmt lögnum. Hún er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hefur forustu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál. Með opinberri hagskýrslugerð er átt við starfsemi Hagstofunnar og annarra bærra ríkisstofnana sem lýtur að söfnun gagna til tölfræðilegrar úrvinnslu um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni, úrvinnslu gagnanna og miðlun tölfræðilegra upplýsinga til almennings, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda á grundvelli laga og í samræmi við fyrirmæli sett samkvæmt áður nefndum lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

Við Hagstofu Íslands skal starfsrækja sjálfstæða rannsóknareiningu sem er aðskilin hagskýrslustarfseminni. Rannsóknareiningin skal fylgjast með afkomu þjóðarbúsins, semja þjóðhagsspár og áætlanir og birta opinberlega.

Í lögnum segir að Hagstofan skuli ákveða hagskýrsluverkefni sín og forgangsraða með hliðsjón af þörfum stjórnvalda fyrir tölfræðilegar upplýsingar til stefnumótunar og ákvarðana um þjóðfélagsmál, alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um gerð hagskýrslna og af þörfum og óskum almennings, aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfræðilegar upplýsingar. Í þessu skyni skal stofnunin hafa virkt samráð við þessa aðila. Hagstofan annast samræmingu opinberrar hagskýrslugerðar sem hún og aðrar ríkisstofnanir hafa með höndum.

Hagstofan skipuleggur starfsemi sína og einstök verkefni innan þess ramma sem ræðst af fjárveitingum á fjárlögum, öðrum framlögum og eigin tekjum. Hagstofunni er heimilt að afla sértekna og taka gjald fyrir sérþjónustu í hagskýrslugerð og þjónustu við rannsóknaraðila og aðra gagnabeiddendur svo og vegna hagnýtingar á upplýsingakerfum hennar og þjónustu í því sambandi. Hagstofunni er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem hún þarfnast til hagskýrslugerðar sinnar samkvæmt lögum um Hagstofu Íslands og er þeim skylt að veita henni upplýsingarnar á því formi sem hún óskar eftir eða um semst og innan þeirra tímamarka sem hún ákveður. Hagstofan skal jafnan upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað, hvernig úrvinnslu verði háttáð, gögn varðveitt og niðurstöður birtar. Skirrist einhver við að veita Hagstofunni umbeðnar upplýsingar er henni heimilt að gera hlutaðeigandi skylt að fullnægja upplýsingaskyldu sinni að viðlögðum dagsektum.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri sem skipaður er af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Hagstofustjóri skal hafa lokið háskólaprófi í hagfræði, tölfræði, félagsfræði eða skyldum greinum og hafa þekkingu og reynslu af hagskýrslugerð eða notkun hagtalna. Hagstofustjóri ræður aðra stjórnendur og starfslid Hagstofunnar. Hann er ábyrgur fyrir rekstri stofnunarinnar

og skipuleggur starfsemi hennar. Þá ber hann faglega ábyrgð á allri hagskýrslugerð Hagstofunnar.

Samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins situr hagstofustjóri í ríkisreikningsnefnd.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað hagstofustjóra laun 4. mars 2008. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er greint frá starfsemi Hagstofu Íslands og því hvernig starfsemi hennar hefur þróast og aukist að umfangi frá því hún tók til starfa í upphafi árs 2008. Með vísan til þessa hefur kjararáð ákveðið að breyta launum hagstofustjóra, þó þannig að gætt sé að því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi. Við ákvörðun launa hagstofustjóra hefur meðal annars verið tekið mið af launum forstöðumanna hliðstæðra stofnana.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör hagstofustjóra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2014 skulu mánaðarlaun hagstofustjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 138, nú 873.942 krónur. Að auki skal greiða honum 31 einingu á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör hagstofustjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Óskar Bergsson